

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2017

2019/EES/40/02

frá 7. júlí 2017

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/185 frá 2. febrúar 2017 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar tiltekinna ákvæða reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2013 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, féll úr gildi 31. desember 2016 og ber því að fella tilvísun til reglugerðarinnar brott úr EES-samningnum.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/680/ESB ⁽³⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, verður afnumin með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/478 ⁽⁴⁾ frá 1. janúar 2018 og ber því að fella hana brott úr EES-samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað 20. liðar í hluta 6.1 í I. kafla (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2013):

„**32017 R 0185**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/185 frá 2. febrúar 2017 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar tiltekinna ákvæða reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjútíð. ESB 29, 3.2.2017, bls. 21).“
2. Í 2. hluta III. kafla fellur brott 82. liður (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/680/EB) undir yfirskriftinni „GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUM EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ frá og með 1. janúar 2018.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/185, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 29, 3.2.2017, bls. 21.⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 10.⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 57.⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 73, 18.3.2017, bls. 29.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.